

## Íbúaráð Laugardals

Ár 2021, mánudaginn, 11. október, var haldinn 19. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur – Tjarnarbúð og með fjarfundabúnaði og hófst kl. 17:00. Fundinn sátu: Kristín Elfa Guðnadóttir og Sabine Leskopf. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundheimild: Katrín Atladóttir, Lilja Sigrún Jónsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson. Fundinn sátu einnig eftirtaldir starfsmenn: Tómas Ingi Adolfsson sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundabúnaði: Unnar Halldórsdóttir.

### Petta gerðist:

1. Lögð fram tilnefning foreldrafélags Laugalækjarskóla þar sem tilkynnt er að Þorsteinn Guðmundsson taki sæti í íbúaráði Laugardals sem fulltrúi foreldrafélaga í stað Þórunnar Steindórsdóttur.
2. Fram fer kynning á starfsemi Ármanns.

Eiður Ottó Bjarnason, Guðrún Harðardóttir og Jón Þór Ólason frá Ármanni taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokkss, fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Pírata, fulltrúi foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi leggja fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals þakkar Ármanni fyrir góða kynningu á starfinu. Starfið er fjölbreytt, öflugt og kröftugt en aðstöðuyandi stendur í vegi fyrir frekari vexti. Sem dæmi má taka að körfuknattleiksdeild Ármanns er sú fjölmennasta í Reykjavík en mikið brottfall verður þegar iðkendur eldast og þurfa að ferðast utan hverfis á æfingu. Íbúaráðið vill áréttu að íþróttahús í Laugardal skoraði einna hæst í forgangsröðun við uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík, það væri gaman að sjá eitthvað gerast í þeim málum.

- Kl. 17.15 tekur Ísak Andri Ólafsson sæti á fundinum með fjarfundabúnaði.
  - 3. Fram fer kynning á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar.
- Haraldur Sigurðsson frá Kringlumýri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
4. Fram fer umræða um kosningar í íbúalyðræðisverkefninu Hverfið mitt sem lýkur 14. október nk.
  5. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

**Fundi slitið kl. 18:45**

Kristín Elfa Guðnadóttir

Sabine Leskopf  
Þorsteinn Guðmundsson  
Ísak Andri Ólafsson

Katrín Atladóttir  
Lilja Sigrún Jónsdóttir